

Lykilupplýsingar fjárfesta

Í skjali þessu er að finna lykilupplýsingar um þennan fjárfestingarsjóð. Skjalið er ekki markaðsefni. Upplýsingar þessar eru settar fram á grundvelli laga til að hjálpa þér að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa skjalið svo þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort rétt sé að fjárfesta í sjóðnum.


Akta Alviðra hs., kt. 570717-9950, ISIN: IS0000029072								
Sjóður þessi er rekinn af Akta sjóðum hf.								
Markmið og fjárfestingarstefna								
<p>Markmið Markmið sjóðsins er að nýta þau tækifæri á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum sem á hverjum tíma eru talin skila bestri ávöxtun með tilliti til áhættu.</p> <p>Fjárfestingarstefna Meginmarkmið sjóðsins er að fjárfesta í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu og afleiðum auk annarra fjármálagerninga og innlána. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta fyrir allt að 100% eigna í bandarískum ríkisskuldabréfum.</p> <p>Virk stýring Ákvörðunum um fjárfestingar sjóðsins er stýrt með virkum hætti af sjóðstjórum sem geta þannig nýtt sér þau fjárfestingartækifæri sem bjóðast á markaði, innan ramma fjárfestingarstefnu sjóðsins.</p>	<p>Arður Arður, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að myndast af verðbréfum í eigu fjárfestingarsjóðsins verða ekki greiddar út heldur bætt við höfuðstól sjóðsins, og þannig ráðstafað til endurfjárfestinga samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins.</p> <p>Fjárfestingartímabil Ráðlegging: sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í 3 ár eða lengur og þola töluverðar verðsveiflur.</p> <p>Innlausn o.fl. Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því gengi sem gildir á innlausnardegi. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina er reiknað daglega.</p> <p>Áhættuvarnir o.fl. Beiting áhættuvarna, högnunar og skuldsetningar getur haft áhrif á gengi sjóðsins til hækkunar eða lækkunar, t.d. með nýtingu á heimild sjóðsins til fjárfestingar í afleiðum.</p>							
Áhætta og ávöxtun								
<p>Minni áhætta Meiri áhætta</p> <p>Yfirleitt lægri ávöxtun Yfirleitt hærri ávöxtun</p> <table border="1" style="margin: 10px auto; text-align: center;"> <tr> <td>1</td> <td>2</td> <td>3</td> <td style="background-color: #cccccc;">4</td> <td>5</td> <td>6</td> <td>7</td> </tr> </table> <p>Áhættumælikvarðinn mælir áhættu út frá staðalfrávik sögulegrar ávöxtunar, þ.e. sveiflum í ávöxtun. Áhættuflokkun sjóðsins byggir á sögulegum gögnum um gengi sjóðsins og viðmiðunarvísitalna sem talið er að gefi bestu nálgun fyrir markaðsáhættu sjóðsins.</p> <p>Ekki er hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun haldist óbreytt og kann flokkunin að breytast með tímanum. Lægsti flokkur áhættu þýðir ekki áhættulausa fjárfestingu.</p> <p>Endurgreiðsla höfuðstóls er ekki tryggð.</p>	1	2	3	4	5	6	7	<p>Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhluta í sjóðnum, en áhættumælikvarðinn nær ekki yfir, eru seljanleikaáhætta, en sjóðurinn gæti átt erfitt með að selja eignir (eða kaupa) vegna markaðsaðstæðna eða vegna þess að sjóðnum er að vissu marki heimilt að fjárfesta í óskráðum bréfum sem geta haft minni seljanleika en skráð bréf, útlánaáhætta, þar sem sjóðurinn hefur heimild til fjárfestingar í skuldabréfum og getur t.d. komið til greiðslufalls útgefanda, mótaðilaáhætta, en sem dæmi gæti óinnleystur hagnaður vegna stöðu í afleiðum tapast við gjaldþrot mótaðila, rekstraráhætta, þ.m.t. vegna vörslu eigna og annarra ytri aðstæðna. Fjárhagslegt tjón gæti t.d. orðið vegna mannlegra mistaka eða kerfisvillu.</p> <p>Frekari upplýsingar um áhættu sjóðsins má finna í útboðslýsingu sjóðsins sem nálgast má á www.akta.is.</p>
1	2	3	4	5	6	7		

Gjöld fyrir þennan sjóð

Gjöldin sem þú greiðir eru notuð til þess að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, þ.m.t. kostnað við markaðssetningu og dreifingu hans. Þessi gjöld skerða mögulega ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Eingreiðslugjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu		<p>Gengismunur endurspeglast í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og er hann í dag 1,00%. Gengismunur rennur til Akta sjóða hf. og söluaðila. Ekkert innlausnargjald er innheimt við innlausn eininga í sjóðnum.</p> <p>Viðvarandi gjöld sjóðsins felast í greiðslu fyrir rekstur sjóðsins. Viðvarandi gjöld reiknast af verðmæti útstandandi hlutdeildarskírteina eða annarri staðfestingu á tilkalli til verðbréfaeignar sjóðsins í mánaðarlok.</p> <p>Frekari upplýsingar um gjöld er að finna í útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.akta.is.</p>
Gjald við kaup	1,00%	
Gjald við sölu	0,00%	
Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem dregin eru af fé þínu áður en fjárfest er í sjóðnum.		
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum á ársgrundvelli		
Viðvarandi gjöld	1,20% af markaðsverðmæti hreinnar eignar sjóðsins	
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður		
Árangurstengd þóknun	15% af ávöxtun umfram vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana hjá Seðlabanka Íslands (depo) að viðbættu 1% álagi.	

Fyrri árangur



*Ávöxtun frá og með stofnun sjóðsins þann 8.9.2017 til og með 17.5.2021.

- Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki áreiðanleg vísending um ávöxtun í framtíð.
- Við útreikning á ávöxtun er tekið tillit til gjalda og þóknana.
- Ávöxtun sjóðsins er í íslenskum krónum.
- Sjóðurinn var stofnaður 8. september 2017.

Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili Akta sjóða hf. er Kvika banki hf.

Frekari upplýsingar um sjóðinn, útboðslýsingu sjóðsins, ársreikning, árshlutareikning og gengi sjóðsins má nálgast á www.akta.is.

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina Akta Alviðru hs. er skattskyldur á Íslandi, samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996. Fjárfestum er bent á að skattalöggjöf heimarikis sjóðsins kann að hafa áhrif á skattalega stöðu þeirra.

Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum. Akta sjóðir hf. ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar fjárfestingarsjóðsins.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Akta sjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Þessar lykluupplýsingar eru réttar m.v. 19. maí 2021.

